

MINNISBLAÐ

Til: AECO – Association of Arctic Expedition Cruise Operators

Frá: BBA//Fjeldco

Dagsetning: 16. febrúar 2026

Efni: Virðisaukaskattur og skemmtiferðaskip

1 INNGANGUR

- 1.1 Til okkar hafa leitað Samtök leiðangursskipa á norðurslóðum („AECO“), vegna álitamála sem snúa að virðisaukaskatti á skemmtiferðaskip vegna siglinga þeirra innan íslenskrar lögsögu. AECO hefur óskað eftir samantekt í tilefni nýlegs ákvarðandi bréfs embættis Skattsins (hér eftir „RSK“) sem fjallar um virðisaukaskattsskyldu skemmtiferðaskipa í innanlandssiglingum.
- 1.2 Minnisblaðinu er ætlað að gera grein fyrir þeim lagaramma sem gildir á þessu sviði og fjalla um röksemdir sem leiða má fram því til stuðnings að lágmarka þær afleiðingar sem fram koma í framangreindu ákvarðandi bréfi RSK.

2 LAGAÁKVÆÐI OG RÉTTARHEIMILDIR*Almennt um virðisaukaskattsskyldu*

- 2.1 Í 1. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt („VSKL“) má finna meginreglu VSKL, um að greiða skuli í ríkissjóð virðisaukaskatt af viðskiptum innan lands á öllum stigum viðskipta, svo og af innflutningi á vöru og þjónustu eins og nánar greini í lögum. Þeir aðilar sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir 2.000.000 kr. eða minna á hverju 12 mánaða tímabili frá því að starfsemi hefst eru hins vegar undanþegnir virðisaukaskattsskyldu samkvæmt 3. tölul. 4. gr. VSKL. Starfsemi aðila þarf auk þess að vera stunduð í atvinnuskyni, þ.e. tekjur af sölu skattskyldrar vöru og þjónustu eru að jafnaði hærri en kostnaður við aðföng sem keyptu er með virðisaukaskatti til starfseminnar. Þannig þarf útskattur almennt að vera hærri en innskattur til að skilyrði VSK skráningar teljist uppfyllt, sbr. 5. mgr. 5. gr. VSKL.
- 2.2 Við skilgreiningu þess hvaða starfsemi telst stunduð hér á landi eða „innan lands“ í skilningi 1. gr. VSKL, er nauðsynlegt að líta til 2. mgr. 37. gr. VSKL, sem vísar í ákvæði tollalaga nr. 88/2005 til fyllingar VSKL. Er þannig engin sjálfstæð skilgreining í VSKL um hvað teljist vera „innan lands“ í 1. mgr. 2. gr. tollalaga kemur hins vegar fram að tollsvæði ríkisins sé landið ásamt eyjum og útskerjum sem því tilheyra, svo og tólf mílna landhelgi umhverfis það eins og hún er afmörkuð skv. 1. gr. laga nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.
- 2.3 Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. VSKL þá ber þeim sem í atvinnuskyni selja eða afhenda vörur eða verðmæti eða vinna af hendi skattskylda vinnu eða þjónustu hér á landi að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð.

Undanþegin starfsemi

- 2.4 Í 3. mgr. 2. gr. VSKL kemur fram listi yfir þá starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti. Í 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. VSKL kemur fram að almenningssamgöngur séu undanþegnar virðisaukaskatti, þ.e. fastar ferðir á ákveðinni leið innan lands samkvæmt fyrirframbirtri áætlun, jafnt á landi, í lofti og á legi. Í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar, sem samið var í tengslum við lögfestingu núverandi 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. VSKL, kemur eftirfarandi fram:

Lagt er til að undanþága 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt taki eftirleiðis til almenningssamgangna, ferðapjónustu fatlaðs fólks og skólaaksturs barna. Aðkoma hins opinbera með einum eða öðrum hætti markar sérstöðu þessara fólksflutninga sem lagt er til að eftirleiðis verði undanþegnir virðisaukaskatti. Í framkvæmd mundi túlkun á hugtakinu almenningssamgöngur taka mið af þeim lögum sem um þær gilda á hverjum tíma. Hugtakið almenningssamgöngur er í tillögunni skilgreint með sambærilegum hætti og í lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga og farmflutninga á landi. Ákvæði þeirra laga afmarka jafnframt skólaakstur barna. Ferðapjónusta fatlaðs fólks afmarkast af ákvæðum laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks.

Þá kemur einnig fram:

*Með breytingartillögunni er gengið lengra en gert er í a-lið 1. gr. frumvarpsins þar sem hvers kyns ferðir með hópferðabifreiðum, sem ekki flokkast sem almenningssamgöngur, ferðapjónusta fatlaðra eða flutningur skólabarna, munu einnig falla undir skattskyldusviðið. Orðalag breytingartillögunnar gerir ráð fyrir því, eins og frumvarpið, að hvers konar flutningur fólks í afþreyingarskyni, **svo sem hestaferðir, snjóleðaferðir, fjórhjólaferðir, hvalaskoðunarferðir og útsýnisferðir**, verði virðisaukaskattsskyldar*

- 2.5 Í frumvarpi því sem lagt hafði verið fram og efnahags- og viðskiptanefnd lagði til breytingar á hafði komið fram:

Í frumvarpinu er lagt til að þessu verði breytt á þann veg að undanþágan í 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 nái ekki til fólksflutninga í afþreyingarskyni. Sú starfsemi sem felst í sölu á fólksflutningum í afþreyingarskyni verður því virðisaukaskattsskyld verði frumvarpið að lögum. Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að starfsemi sem þessi verði felld undir lægra þrepið í virðisaukaskatti. Fólksflutningar í afþreyingarskyni eru að stórum hluta til þjónusta sem beinist að ferðamönnum, svo sem hvalaskoðunarferðir, hestaferðir og útsýnisflug. Hér undir falla þó einnig tilfallandi fólksflutningar, utan áætlunar, með hópferðabifreiðum. Þessi starfsemi er í reynd eðlísólik þeim fólksflutningum sem almennt eru kallaðir almenningssamgöngur og ekki þykja standa rök til þess að undanþiggja hana virðisaukaskatti með sama hætti.

Undanþegin velta

- 2.6 Í 12. gr. VSKL er fjallað um undanþegna veltu sem almennt á við um útflutning á vöru á þjónustu. Slík starfsemi er virðisaukaskattsskyld innan lands en ekki ber að innheimta virðisaukaskatt þegar vara eða þjónusta er seld frá landinu. Meginmunur þess annars vegar að stunda undanþegna starfsemi, sbr. 2.4 – 2.5 hér að framan, og hins vegar starfsemi sem er að

meginstefnu til í formi undanþegnar veltu, er að fyrrnefnda starfsemin greiðir virðisaukaskatt af aðkeyptum aðföngum (rekstrarkostnað) en hin síðarnefnda heldur innskattsrétti og fær þannig virðisaukaskatt af aðföngum endurgreiddan.¹

- 2.7 Í 7. tölul. 1. mgr. 12. gr. VSKL kemur m.a. fram að vistir, eldsneyti, tæki og annar búnaður sem afhentur er til nota um borð í millilandaförum, svo og sú þjónusta sem veitt er slíkum förum sé undanþegin virðisaukaskatti (undanþegin velta). Undanþágan nái þó ekki til skemmtibáta og loftfara í einkaflugi.

Skattþrep

- 2.8 Almennt skattþrep virðisaukaskatts er 24% skv. 1. mgr. 14. gr. VSKL Þó skal virðisaukaskattur af ákveðnum vörum og þjónustu vera 11% samkvæmt 1-15. tölul. 2. mgr. sömu greinar, sem dæmi um vörur og þjónustu sem falla þar undir má nefna **fólksflutninga sem ekki falla undir 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. VSKL**, útleiga hótél- og gistiherbergja og önnur gistiþjónusta.

Ákvarðandi bréf RSK

- 2.9 Í ákvarðandi bréfi nr. 2/2025 lýstu RSK þeirri túlkun embættisins að rekstraraðilum skemmtiferðaskipa í **innanlandssiglingum** bæri að tilkynna starfsemi sína á virðisaukaskattskrá, enda uppfylli þeir skilyrði skráningar sbr. 5. mgr. 5. gr. VSKL. Líkt og bréfið gerir grein fyrir er með skemmtiferðaskipi í innanlandssiglingum átt við skemmtiferðaskip sem tekur farþega um borð hér á landi, siglir með þá á milli hafna hér á landi (venjulega í kringum landið) og skilar þeim síðan aftur í land hér á landi, án viðkomu erlendis. Sé þannig almennt gengið út frá því að starfsemi rekstraraðila skemmtiferðaskipa í innanlandssiglingum sé skattskyld sbr. 2. gr. VSKL.
- 2.10 Í bréfinu er gert ráð fyrir að starfsemin sé fólgin meðal annars í fólksflutningum, gistiþjónustu og sölu á veitingum, sem eftir atvikum beri 24% eða 11% virðisaukaskatt. Þá er gert ráð fyrir því að skattskylda taki einnig til þeirra tilvika þar sem rekstraraðilar skemmtiferðaskipa endurselji ferðatengda þjónustu, svo sem dagsferðir eða aðra skattskylda þjónustu þegar skip taka höfn.
- 2.11 Ber þannig fargjald með skemmtiferðaskipi 11% virðisaukaskatt og matvara seld um borð ber sama hlutfall virðisaukaskatts. Hins vegar ber þjónusta eða afþreying sem seld er um borð virðisaukaskatt í hinu almenna 24% skattþrepi. Almennt er gert ráð fyrir því hér á landi að ef virðisaukaskattsskyld þjónusta ber að hluta að fella undir almenna þrepið (24%) en að hluta í lægra þrepinu beri að beita almenna þrepinu ef þjónustan er ekki sundurliðuð á sölureikningi.
- 2.12 Bréf RSK gerir ráð fyrir að sé rekstraraðili skemmtiferðaskips í innanlandssiglingum erlendum aðili, sem ekki hefur hér fasta starfsstöð, beri honum að tilkynna starfsemi sína til skráningar með atbeina umboðsmanns. Skráning á virðisaukaskattsskrá er þá gerð í nafni umboðsmannsins fyrir hönd hins erlenda aðila og bera þeir sameiginlega ábyrgð á skilum og greiðslu virðisaukaskatts.

¹ Tollfrelsi skemmtiferðaskipa hefur ekki verið afnumið þó það hafi staðið til og gera tollalögin því enn ráð fyrir því að skemmtiferðaskip sem dvelja á íslensku tollsvæði í að hámarki fjóra mánuði greiði ekki aðflutningsgjöld af þeim vörum sem keyptar eru til nota fyrir farþega og áhöfn í þá fjóra mánuði sem það dvelur hér á landi.

- 2.13 Tekið skal fram að virðisaukaskattsskráning í gegnum íslenskan umboðsmann er nokkuð íþyngjandi. Í ljósi þess að hinn innlendi umboðsmaður ber sameiginlega ábyrgð þurfa erlendir viðskiptavinir að greiða þóknun og/eða tryggingar til að mæta þeirri ábyrgð. Að sama skapi felst í því nokkur kostnaður við regluleg skattskil og greiðslur hér á landi. Eftirlitsstofnun EFTA fjallaði um sams konar fyrirkomulag í Noregi fyrir nokkrum árum og taldi kröfu um slíka umboðsmenn þar í landi íþyngjandi og andstæð skuldbindingum Noregs samkvæmt EES-samningnum. Fjármálaráðuneytinu hefur verið bent á að sams konar niðurstöðu væri að vænta hér á landi vegna kröfu um slíka umboðsmenn (a.m.k. vegna aðila innan EES svæðisins) en íslenska kerfinu hefur eftir sem áður ekki verið breytt.

Ólögmæt ríkisaðstoð skv. EES-samningnum

- 2.14 Við setningu sértækra undanþága á sviðið skattamála kemur almennt til álita hvort í þeim geti falist ólögmæt ríkisaðstoð sem gæti talist andstæð skuldbindingum okkar samkvæmt EES-samningnum. Slíkar undanþágur geta bæði verið í formi lögfesta undanþága og túlkunar skattfyrvalda. Minnisblaðið greinir ekki frekar reglur sem gilda um slíka ríkisaðstoð en tekur mið af því að hvers kyns lausnir kunni að vera háðar rýni að þessu leyti. Aðlaga þarf því hvers konar tillögur þannig að þær falli að núverandi virðisaukaskattskerfi án þess að í þeim geti falist ólögmæt ríkisaðstoð.

Skatttekjur

- 2.15 Einnig skal tekið fram að ekki er vitað til þess að gerð hafi verið greining á því annars vegar hvort þau fyrirtæki sem starfa myndu í raun skila jákvæðum virðisaukaskatti hér á landi teknu tilliti til tekna og gjalda. Tekið skal fram í því samhengi að megnið af sölu væri í 11% virðisaukaskattsþrepi en aðkeyptar vörur og þjónusta a.m.k. að einhverju leyti í 24% þrepi (ef horft er fram hjá núverandi tollfrelsi). Jafnvel þótt skilyrði virðisaukaskattsskráningar séu til staðar eru einhverjar líkur á því að greiddur virðisaukaskattur væri ekki jákvæður eða næmi a.m.k. ekki háum fjárhæðum. Vert væri að taka þær staðreyndir inn á mat þess hvort þess virði er að skapa það rask á markaðnum sem skráningar á virðisaukaskattsskrá í gegnum umboðsmann hér á landi skapa.

3 VIRÐISAUKASKATTSSKYLDA

- 3.1 Við skoðun á því hvort til greina komi að fella niður virðisaukaskattsskyldu skemmtiferðaskipa í innanlandssiglingum kæmi eftirfarandi helst til greina:
- (a) Fella starfsemina undir starfsemi utan íslands og því ekki virðisaukaskattsskyld sbr. 1. og 12. gr. VSKL (undanþegin velta).
 - (b) Fella starfsemina undir almenningssamgöngur, sbr. 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. VSKL (undanþegin starfsemi).
- 3.2 Við skoðun á framangreindum möguleikum er rétt að líta til nágrannalanda okkar. Bretland og Noregur eru lönd sem taka á móti skemmtiferðaskipum frá sama hafsvæði og Ísland og eru þannig í einhverjum skilningi lönd sem eru í samkeppni við Ísland um komu þessara skipa. Bæði lönd eru utan Evrópusambandsins líkt og Ísland þó að virðisaukaskattskerfi þeirra líti til þeirra reglna sem gilda innan sambandsins.

Utan Íslands

- 3.3 Seinni (b) möguleikinn sem nefndur er hér að framan verður að okkar mati að teljast raunhæfari en sá fyrri. Ástæðan er annars vegar sú að ekki eru bein fordæmi í nágrannalöndum okkar fyrir sams konar túlkun og fram kemur í (a)² og hins vegar myndi sá skilningur ekki vera innan núverandi lagaumgjarðar virðisaukaskatts og kynni því að vekja upp spurningar um ríkisaðstoð.
- 3.4 Ef gefinn yrði út fyrirsjáanleg og aðgengileg túlkun á því hvenær skip telst ekki í innanlandssiglingum, þ.e. þá millilandasiglingar með viðkomu erlendis, kynni eftir sem áður að vera fyrir henda raunhæfur möguleiki fyrir þau fyrirtæki sem hér starfa að laga ferðir sínar að þeim reglum með þeim hætti að teljast þá utan Íslands. Skoða þyrfti þó sérstaklega hvaða svigrúm fyrirtækin hafa að þessu leyti áður en sá möguleiki yrði kannaður frekar, eftir atvikum með fjármálaráðuneytinu.
- 3.5 Í þessu samhengi ber þó að hafa í huga að í minnisblaði fjármálaráðuneytisins, dags. 28. október 2025 (samantekt um umsagnir) kemur eftirfarandi fram (tekið skal fram að tollfrelsi hefur ekki verið afnumið líkt og kemur fram í textanum og undirstrikun texta stafar frá okkur):

Það hefur ekki tíðkast að skemmtiferðaskip sem sigla hringinn í kringum landið hafi tekið höfn í öðru landi í hverri ferð. Nú liggur hins vegar fyrir að tollfrelsi skipanna verður afnumið og að þeim hefur verið gert að skrá starfsemina á virðisaukaskattsskrá og innheimta virðisaukaskatt af sölu ferða, sem og af sölu annarra vara og þjónustu. Í kjölfarið hefur komið til tals hjá rekstraraðilum skipanna að breyta siglingaáætlunum þannig að skipin taki eina höfn, annað hvort á Grænlandi eða í Færeyjum, í hverri ferð. Er það álit þeirra að ferðin teljist þá millilandasigling. Í umsögnum nokkurra aðila er komið inn á þetta atriði. Ráðuneytið bendir þó á að langt er frá því að það sé sjálfgefið. Farþegar koma um borð í skipin hér á landi og yfirgefa þau einnig hér á landi, auk þess sem meirihluti ferðarinnar fer fram innan íslensks tollsvæðis. Að lágmarki kæmi þá til skoðunar að telja þann hluta ferðarinnar sem fer fram innan íslensks yfirráðasvæðis skattskyldan hér á landi. Til samanburðar má benda á 46. gr. tilskipunar Evrópusambandsins um sameiginlegt virðisaukaskattskerfi, nr. 2006/112/EB (hér eftir nefnd virðisaukaskatttilskipunin). Þar kemur fram að fólksflutningar séu skattskyldir í þeim ríkjum sem flutningurinn fer fram, í réttu hlutfalli við vegalengd í hverju landi. Þjónusta um borð í skipum sem sigla milli landa innan Evrópusambandsins er skattskyld í því ríki sem ferðin hefst, sbr. 47. gr. tilskipunarinnar.

Ef ráðuneytið tekur hins vegar aðra afstöðu en þarna kemur fram og liðkar fyrir því að ferðir geti talist til millilandasiglinga kann að vera fyrir hendi raunhæfur möguleiki til þess að útfæra ramma sem birtur yrði með almennum leiðbeiningum frá yfirvöldum eða eftir atvikum reglugerð frá ráðuneytinu. Hafa ber í huga að í Noregi er rekið ágreiningsmál um þessi mörk þar sem norsk skattyfirvöld hafa þrengt þá túlkun um hvaða siglingar teljist til millilanda-

² Sbr. þó umfjöllun um breskar reglur sem gera ráð fyrir að farþegaflutningur teljist til undanþeginnar veltu.

siglinga. Við erum þó ekki bundin við sama skilning að því leyti. Auk þess liggur ekki fyrir endanleg niðurstaða í þeim ágreiningi.³

Almenningssamgöngur

- 3.6 Líkt og gerð er grein fyrir hér að framan, sbr. 2.4 og 2.5, þá virðist skilgreining á þeirri starfsemi sem fellur undir undanþáguákvæði 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. túlkað nokkuð þröngt. Gert er ráð fyrir því að um sé að ræða fastar ferðir á ákveðinni leið innan lands samkvæmt fyrirframbirtri áætlun, jafnt á landi, í lofti og á legi. Í lögskýringargögnum er tekið fram að túlkun á hugtakinu almenningssamgöngur muni taka mið af þeim lögum sem um þær gilda á hverjum tíma. Þá er tekið fram að hvers konar flutningur fólks í afþreyingarskyni, svo sem hestaferðir, snjósleðaferðir, fjórhjólaferðir, hvalaskoðunarferðir og útsýnisferðir falli utan undanþágunnar.
- 3.7 Þau rök sem má færa má fram fyrir því að siglingar svokallaðra skemmtiferðaskipa ættu að falla undir almenningssamgöngur væru að um er að ræða fastar ferðir í ákveðnum skilningi á ákveðinni leið og á fyrirframbirtri áætlun en slíkar ferðir eru keyptar með þónokkrum fyrirvara. Þjónustan felst í að ferðast með ferðamenn á ákveðna staði sem þeir hefði ella geta ferðast með öðrum leiðum en sú upptalning sem fram kemur á við um eðlisólíkar ferðir sem felast ekki í því að ferðast milli staða hér á landi.
- 3.8 Til samanburðar þá geta innanlandssiglingar, þ.e. gjald fyrir siglingu, skemmtiferðaskipa innan Bretlands talist undanþegnar virðisaukaskatti, þ.e. undanþegin velta (zero rated), sem farþegaflutningur. Skilyrði þess að velta teljist undanþegin er að um sé að ræða ferð frá einum stað til annars eða hringferð og að viðkomandi skip ferji a.m.k. tíu farþega. Litið er til þess hvort flutningur farþega er meginhluti þeirrar þjónustu sem veitt er og eru svokallaðar *cruises* (á íslensku skemmtisiglingar) sem flytur fólk í kringum Bretland taldar uppfylla skilyrði þess að teljast farþegaflutningar í þessum skilningi. Þær ferðir sem nefndar eru í dæmaskyni í lögskýringargögnum hér á landi, þ.e. hestaferðir, snjósleðaferðir, fjórhjólaferðir, hvalaskoðunarferðir og útsýnisferðir, myndu hins vegar falla utan undanþágunnar í Bretlandi líkt og hún hefur verið túlkuð. Þ.e.a.s. ef meginhluti þjónustunnar er ekki að flytja farþega þá ber að innheimta virðisaukaskatt.
- 3.9 Eftir sem áður ber að innheimta virðisaukaskatt af sölu á vöru og þjónustu um borð í innanlandssiglingum í Bretlandi. Þrátt fyrir það liggur fyrir að skattaleg meðferð er umtalsvert samkeppnishæfari en hér á landi með hliðsjón af framangreindu ákvarðandi bréfi RSK sem nefnt er í 2.9 – 2.12.
- 3.10 Telja verður það kerfi sem Bretar hafa mótað hafi töluverða kosti fram yfir það umhverfi sem er að mótask hér á landi, en að óbreyttu mun sú framkvæmd sem er boðuð í ákvarðandi bréfi nr. 2/2025 valda umtalsverðum raski fyrir þá aðila sem sinna siglingum skemmtiferðaskipa

³ Héraðsdómur Oslóar staðfesti niðurstöðu norsku yfirséðanefndarinnar sem taldi að leggja bæri virðisaukaskatt á þann hluta ferðar skemmtiferðaskips sem á sér stað innan norskrar lögsögu, þ.e. á sölu varnings, þjónustu og matar sem seldur er um borð á meðan skipið er í norskrri lögsögu. Hefur dómurinn hlotið nokkra athygli en um er að ræða breytingu á framkvæmd, en rekstraraðilar skemmtiferðaskipa höfðu byggt á yfirlýsingu fjármálaráðuneytis Noregs frá 19. apríl 2004. Hefur niðurstöðunni nú þegar verið áfrýjað og kerfið komið til nokkurrar umræðu í kjölfarið.

hingað til lands sem taka á móti farpegum og sigla með þá í kringum landið. Fyrirtækin þurfa þannig að endurmeta hagkvæmni þess að stunda slíkar siglingar hér á landi.

- 3.11 Þegar kemur að skattlagningu og skattspori skemmtiferðaskipa hér á landi, verður að taka mið af því að skip í innanlandssiglingum greiða nú þegar gistináttaskatt, 400 kr. per farþega fyrir hvern byrjaðan sólarring sem farþegi dvelur í skipinu sbr. 5. mgr. 2. gr. laga nr. 87/2001 um gistináttaskatt og innviðagjald, en skip í millilandasiglingum greiða innviðagjald sem hefur nýverið lækkað í 1.600 kr. fyrir hvern farþega fyrir hvern byrjaðan sólarring sem skipið dvelur á tollsvæði ríkisins sbr. 2. mgr. 3. gr. a. sömu laga.

4 NIÐURLAG

- 4.1 Í samræmi við framangreinda umfjöllun er því velt upp hvort rökréttara væri að fella siglingar skemmtiferðaskipa um landið undir þá undanþágu sem tekur til almenningssamgangna. Annars vegar má færa fyrir því rök að réttara væri að færa þá starfsemi undir farþegaflutninga, sbr. þau dæmi sem nefnd eru í lögskýringargögnum þegar undanþágan var lögfest. Hins vegar fælist í því veruleg einföldun samanborið við það rask á starfsemi þessara fyrirtækja, sem fælist í virðisaukaskattsskráningu hér á landi í gegnum umboðsmann hér á landi.
- 4.2 Í þessu sambandi er rétt að hafa til viðmiðunar hverjar raunverulegar tekjur ríkissjóðs yrðu en ekki liggur fyrir greining á því samkvæmt okkar upplýsingum. Gera má þó ráð fyrir því að þær yrðu ekki háar samanborið við þau áhrif sem þessi aukna byrði kann að hafa á samkeppnisstöðu Íslands þegar kemur að þessari starfsemi.
- 4.3 Huga þyrfti hins vegar vel að tæknilega útfærslu m.a. með hliðsjón af 1) mögulegri skráningarskyldu vegna sölu á vörum og þjónustu um borð, 2) framhald tollfrelsis skemmtiferðaskipa og 3) hvort um sé að ræða undanþegna veltu eða undanþegna starfsemi sbr. umfjöllun hér að framan.

Minnisblaðið er byggt á þeim gögnum, upplýsingum og réttarheimildum sem vísað er til og í gildi eru þegar það er ritað og takmarkast við íslenskan rétt. Þær niðurstöður og ályktanir sem settar eru fram í minnisblaðinu byggjast á því að þau gögn og þær upplýsingar sem það grundvallast á séu fullnægjandi og réttar. Skattyfirvöld hafa rúmt mat til túlkunar á skattalögum og við getum því ekki veitt fullvissu um að skattyfirvöld séu sammála mati okkar og túlkunun.

BBA//Fjeldco